

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 183/1951. **Sigurjón Sigurðsson**
 gegn
Ólafi H. Stefánssyni.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1951 til þingfestingar í febrúar 1952. Áfrýjandi hefur síðan fjórum sinnum fengið frest í málinu, en ekki hefur hann enn hafízt handa um neinar aðgerðir vegna áfrýjunarinnar. Hefur hann nú beðið um frest í málinu, m. a. til að leiða sem vitni hafnsögumenn hér í Reykjavík. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafízt frávísunar málsins frá Hæstarétti og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda. Að svo vöxnu máli, og þar sem ágrip dómsgerða hefur enn eigi borízt, ber að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast kr. 600.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurjón Sigurðsson, greiði stefnda, Ólafi H. Stefánssyni, ómaksbætur, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Kærumálið nr. 23/1952.

Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins
 gegn

Borgarfelli h/f og Jóni G. Maríassyni.

Máli vísað frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 112/1935.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. október 1952, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bærjarpings Reykjavíkur 6.

s. m., þar sem varnaraðilja Jóni G. Maríassyni, sem borið hafði vætti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja Borgarfelli h/f, var ákveðin vitnaþóknun að fjárhæð kr. 25.00.

Krefst sóknaraðili þess aðallega, að varnaraðilja Jóni G. Maríassyni verði engin þóknun dæmd, en til vara, að þóknun hans verði ákveðin kr. 0,50. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar af varnaraðilja Jóni G. Maríassyni eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja Borgarfelli h/f hafa ekki borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili Jón G. Maríasson hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann rökstyður kröfu sína um vitnaþóknun. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar.

Þar sem umrædd vitnaþóknun hefur af héraðsdómara verið ákveðin aðeins kr. 25.00, brestur sóknaraðilja, sem krefst lækkunar þeirrar fjárhæðar, heimild til að bera ákvörðun þóknunarinnar undir Hæstarétt, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 112/1935. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fyrir bersýnilega tilefnislausu kæru máls þessa ber að víta umboðsmann sóknaraðilja, Magnús hæstaréttarlögmann Thorlacius.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þ. m., hefur Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefni 13. maí s.l., gegn Borgarfelli h/f hér í bænum til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 93.491.25, með 6% ársvöxtum af kr. 3.473.25 frá 14. ágúst 1951 til 22. s. m., af kr. 49.173.25 frá þeim degi til 5. nóvember 1951 og af kr. 93.491.25 frá þeim degi til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 382.20 í afsagnarkostnað og stimpilgjald og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Með vitnastefnu, útgefni 27. f. m. og birtri sama dag, stefndi umboðs-

maður stefnanda, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, Jóni G. Mariassyni, bankastjóra Landsbanka Íslands, til þess að sækja þing í máli þessu sem vitni, en þinghaldið skyldi fram fara í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 þann 2. þ. m. kl. 14.

Jón G. Mariasson sótti þing samkvæmt vitnastefnunni. Kom hann fyrir dóm og fullnægði vitnaskyldu sinni.

Krafðist hann þóknunar fyrir ómak og tímatöf, er hann hefði beðið við að þurfa að koma fyrir dóm í máli þessu.

Umboðsmaður stefnanda neitaði að greiða nokkra þóknun til vitnisins og bar því við, að það hefði getað sparað sér og öðrum ómak og tímatöf af vitnaleiðslunni með því að gefa vottorð um þau atriði, sem það var spurt um. Slíkt vottorð hafi vitnið hins vegar neitað að gefa.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Telja verður, að samkvæmt ákvæðum 135. gr. laga nr. 85 frá 1936 eigi vitnið rétt á þóknun fyrir þingsókn sína. Yfirheyrsla vitnisins og bið í því sambandi mun hafa tekið rúma hálfa klukkustund. Með hliðsjón af því og öðru, er hér skiptir máli, þykir hæfileg þóknun til þess kr. 25.00, sem stefnanda ber að greiða.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Stefnandi, Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins, greiði vitninu Jóni G. Mariassyni kr. 25.00 innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Kærumálið nr. 24/1952.

**Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda,
Vestmannaeyjum,**

gegn

Vestmannaeyjakaupstað og Jóni Hjaltasyni.

Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hjaltason, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 15. október þ. á., sem hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í